

# Val í 8. – 10. bekk

## Tímabil 1

Nemendur í 8.-10.bekk skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri.

Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. **Valið er um tvö mismunandi námskeið**; annað kennt á **Þriðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 7 eða 8 vikur. Að þessu sinni velja nemendur námskeið fyrir 1 tímabil sem nær fram að mánaðarmótum október – nóvember.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálstu vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Þar að auki má meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi. Þetta fellur undir svokallað **utanskólaval**. Nemendur hafa þá frjálssar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið. Mikilvægt er að foreldrar & forsjáraðilar staðfesti með undirskrift á valblaðinu að þeir samþykki að barn þeirra velji utanskólaval og staðfesti sömuleiðis þann tímafjölda sem barnið vegna frístunda eða vinnu.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Foreldrar/forsjáraðilar þurfa að staðfesta val barna sinna á þar til gerðu valblaði. Nemendur fara heim með blaðið fimmtudaginn 29. ágúst og skila því föstudaginn 30. ágúst.

Nemendur í 9.- 10.bekk ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

## Tímabil 1

### 10. september – 29. október

Þriðjudagsval 13.50 – 15.10
Árshátíð - leikur
Árshátíð - sviðsmynd
Lego League
Körfubolti
Súpur / brauð / bakstur
Nýung (LAN)
Utanskólaval (sjá skýringar)

### 5. september – 31. október

Fimmtudagsval 13.50 – 15.10
Árshátíð (leikur)
Lego League
Leirmótun
Golf
Súpur / brauð / bakstur
Yndislestur
Nemendaráð
Hekl - Amigrumi
Utanskólaval (sjá skýringar)

## Tímabil 1

5. september – 31. október

Þriðjudagsval

kl. 13.50 – 15.10

# Árshátíð

Á hverjum vetri er sett upp leiksýning, sem nemendur í 8. – 10. bekk taka þátt í. Í ár verður söngleikurinn **High School Musical** settur á svið.

Til að söngleikur geti orðið að veruleika þarf leikara og leikkonur í aðal- og aukahlutverk, söngvara og söngkonur, fólk til að semja dansa og dansara. Við munum byrja á að fara í leiklistarleiki og lesa saman handritið. Þegar búið verður að skipa í hlutverk munum við svo æfa af krafti þar til kemur að sýningunni sjálfri, þann 13. nóvember.

Ef þú hefur áhuga á að blómstra á sviðinu skaltu endilega taka þátt í gleðinni sem fylgir því að setja upp söngleik!

Markmið:

- Nemandi getur unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Nemandi getur tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Nemandi getur túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu í Mentor og þátttaka.


Þeir sem vilja leika í sýningunni og/eða syngja velja **árshátíðarval – leikur**.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum tekur þátt í sýningunni.

**Árshátíðarvalið – leikur - er bæði á þriðjudögum og fimmtudögum.**

Umsjón: Hrefna Hlín Sigurðardóttir /umsjónarkennarar

Staður: Víða



# Árshátíð – Sviðsmynd

Í þessum valáfanga **hönnum við og smíðum sviðsmyndina** sem verður á árshátíðinni. Nemendum er skipt niður í hóp og síðan vinna þau saman að því að hanna sviðsmynd. Þegar hóparnir hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu með bestu útfærsluna, velur hver nemandi fyrir sig hvort hann vill smíða, mála eða bæði.

**Markmið er að nemendur...**

- Noti sköpunarkrafta sína í að hanna sviðsmynd.
- Læri hvað felst í sviðshönnun.
- Læra að vinna saman í hóp að sameiginlegu markmiði.
- Læri að smíða módel af sviðsmynd.

**Vinna:**

Innlögn, samræður og pælingar, hvað felur í sér að gera sviðsmynd? Hvað þarf að hafa í huga eins og þema og innihald leikritsins? Við pælum m.a. í litum, boðskap og hvaða stemmningu við viljum ná fram.

Við skoðum á veraldarvefnum dæmi um uppsetningar á sviðsmyndum.

Hóparnir komast að niðurstöðu og setja upp eitt módel eins og við viljum hafa sviðið, skiptum niður verkum hver gerir hvað.

**Námsmat:** Virkni í tímum.

Kennarar: Íris Sverris og Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa og smíðastofa



# Yndislestur

**Lýsing**

Nemendur lesa bæði valda texta og eins texta að eigin vali. Þeir halda leiðarbók og kynna það sem þeir hafa lesið hver fyrir öðrum í hópnum. Að auki velja nemendur sér eina bók og gera grein fyrir efni hennar í viðtali við kennara.

**Markmið:**

- Að nemendur njóti lesturs.
- Að nemendur lesi mismunandi bókmenntatexta. Til dæmis þjóðsögur, ævintýri, smásögur og skáldsögur.
- Að nemendur geti greint frá efni þeirra bóka sem þeir hafa lesið.

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Bókasafn / stofur 9. bekkjar



## LEGO – First Lego League

### Markmið

- Undirbúningur fyrir keppni í „FIRST LEGO League“ á Íslandi.
- Nemendur þjálfast í að vinna sem liðsheild og að kynna verkefni fyrir áhorfendum.
- Nemendur þjálfast í að beita stærðfræði og vísindum til að leysa raunveruleg verkefni og temja sér öguð vinnubrögð við öflun heimilda, úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

### Hvað verður gert?

- Undirbúningur keppinnar.
- Uppsetning á þrautabraut.
- Hönnun og forritun á vélmenni úr tölvustýrðu LEGO til að leysa þrautir í þrautabraut.
- Vísindaleg rannsókn með kynningu.
- Undirbúningur á kynningarbás fyrir keppnina.
- Ýmis verkefni sem til falla í sambandi við keppnina.
  - Hönnun á liðsbúningum



**Legó-valinu lýkur með því að keppendur fara í LEGO -League keppnina í Háskólabíó í Reykjavík 15. og 16. nóvember.**

Legó- valið verður bæði á þriðjudögum og fimmtudögum og þeir sem velja að taka þátt eru ekki í öðru vali á 1. tímabili.

Kennari: Sæbjörn Guðlaugsson

Staðsetning: Auglýst á töflu

## Súpur, brauð og bakstur

Í þessum valáfanga er lögð áhersla á næringarríkar, matarmiklar og bragðgóðar súpur. Nemendur þjálfast í að elda mismunandi tegundir af súpum eins og uppbakaðar súpur, maukaðar súpur, tærar súpur o.s.frv. Auk þess verður ýmiskonar brauðbakstur í hverjum tíma sem og annar bakstur.

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.



### Markmið er að nemendur...

- Geti útbúið sér næringarríka og einfalda rétti.
- Þjálfist í næringarfræði, hreinlæti og góðum vinnubrögðum.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: Guðrún Helga Elvarsdóttir og **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir**

Staður: Heimilisfræðistofa

# Körfubolti



Valfagið er kynning á öllum **helstu undirstöðuatriðum körfubolta og sögu íþróttarinnar.**

Lögð er áhersla á að kynna nemendur fyrir íþróttinni, bæði í leik inni á vellinum sem og rannsóknarvinnu utan vallar.

Nemendur fá að kynna helstu grunn- atriðum og reglum íþróttarinnar auk þess sem þeir kynna sér sögu leiksins. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá framkomu, vinnu- og áhuga.

Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson

Staður: stofa 24 og körfuboltavöllur



## Utanskólalval

**Nemendur geta skráð sig í utanskólalval ef ...**

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ... )
- Eru í launaðri vinnu utan skólatíma.

**Samstarf við Nýung:** LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

**Utanskólalvalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.**

**Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólalval barna sinna.**

Hvað	Ef ég æfi, vinn eða annað í ...	...get ég fengið utanskólalval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, launuð vinna, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

**Tímabil 1**

**Fimmtudagsval**

**5. september – 31. október**

**kl. 13.50 – 15.10**

## Árshátíð

Á hverjum vetri er sett upp leiksýning, sem nemendur í 8. – 10. bekk taka þátt í. Í ár verður söngleikurinn **High School Musical** settur á svið.

Til að söngleikur geti orðið að veruleika þarf leikara og leikkonur í aðal- og aukahlutverk, söngvara og söngkonur, fólk til að semja dansa og dansara. Við munum byrja á að fara í leiklistarleiki og lesa saman handritið. Þegar búið verður að skipa í hlutverk munum við svo æfa af krafti þar til kemur að sýningunni sjálfri, þann 13. nóvember.

Ef þú hefur áhuga á að blómstra á sviðinu skaltu endilega taka þátt í gleðinni sem fylgir því að setja upp söngleik!

Markmið:

- Nemandi getur unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Nemandi getur tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Nemandi getur túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu í Mentor og þátttaka.


Þeir sem vilja leika í sýningunni og/eða syngja velja **árshátíðarval – leikur**.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum tekur þátt í sýningunni.

**Árshátíðarvalið – leikur - er bæði á þriðjudögum og fimmtudögum.**

Umsjón: Hrefna Hlín Sigurðardóttir /umsjónarkennarar

Staður: Víða



# Leirmótun

## Markmið

Nemandi þjálfist í að hanna og móta úr jarðleir.



## Vinnan þín

- Hvað vilt þú búa til?
- Samkomulag, óskir. Leirstyttur, leirskálar, leirkrúsir o.s.frv.
- Skissar upp form hlutarins í þrívídd með nokkuð réttum hlutföllum og skráir hugmyndir. Ef á að glerja er gott að skipuleggja liti fyrirfram.
- Allar hugmyndir eru varðveittar.
- Síðan mótar þú eftir teikningunni í nokkuð réttum hlutföllum, glerjar og brennir.
- Í lokin skráir þú í myndum og máli verklýsingu á því hvernig hluturinn þinn eða hlutir voru gerðir. Þar kemur fram á hverju þú byrjaðir, hvað þú gerðir næst og svo koll af kolli, og að lokum á hverju endaðir þú.
- Til að skrá verklýsinguna verður notað Educreation eða sambærilegt app.

## Námsmat

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa



# Súpur, brauð og bakstur

Í þessum valáfanga er lögð áhersla á **næringarríkar, matarmiklar og bragðgóðar súpur**. Nemandur þjálfast í að elda mismunandi tegundir af súpum eins og uppbakaðar súpur, maukaðar súpur, tærar súpur o.s.frv. Auk þess verður ýmiskonar brauðbakstur í hverjum tíma sem og annar bakstur.

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.



## Markmið er að nemendur...

- Geti útbúið sér næringarríka og einfalda rétti.
- Þjálfist í næringarfræði, hreinlæti og góðum vinnubrögðum.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

**Námsmat:** Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: **Guðrún Helga Elvarsdóttir** og Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa

# Nemendaráð

Prettán nemendur sitja í Nemendaráði, fjórir úr hverjum árgangi og formaður sem er kosinn af nemendum á elsta stigi.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa í Nemendaráði velja það á valblaði og séu fleiri en 4 úr hverjum árgangi er dregið á milli þeirra.

**Valið gildir út allt skólaárið** og snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi. Hluti af valinu fer fram í kringum stærri viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar.

Fundartími nemendaráðs er í val tímum.

Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

- Koma með tillögur að og aðstoða við að gera nemendarymin notaleg.
- Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....
- Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: NN

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi



## Golf

Boðið er upp á golfnámskeið sem verður kennt þrjá fimmtudaga frá **kl. 14.10 -17** á golfvöllinum á Ekkjufelli. Námskeiðið er hugsað bæði fyrir nýja golfara og þá sem hafa reynslu.

Nemendur þurfa að koma sér sjálf yfir á golfvöll. Hægt er að fá lánaðar kylfur hjá golfkennara.



Námskeiðið verður dagana **12. september, 19. september og 26. september.**

Kennari: Friðrik Bjartur Magnússon golfkennari

Staður: Ekkjufellsvöllur



# Hekli – Amigrumi

## Markmið

Amigrumi eru heklud dýr og fígúrir með einföldu fastahekli. Markmiðið er að efla færni nemenda í hekli og bæta við kunnáttuna.

## Verkefni

- Að æfa sig í fastahekli
- Að auka út og fækka lykkjum
- Að fylgja einföldum uppskriftum
- Að klára að ganga hekli og setja saman verkefnið

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



## Utanskólaval

### Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ... )
- Eru í launaðri vinnu utan skólatíma.

**Samstarf við Nýung:** LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólaval barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, vinn eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, launuð vinna, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil